

Stofnanasamningur

milli Félagsráðgjafafélags Íslands og Landspítala um forsendur röðunar starfa

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félagsráðgjafafélags Íslands hins vegar

1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra félagsráðgjafa á Landspítala sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félagsráðgjafafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Þegar talað er um félagsráðgjafa í samningi þessum er átt við þá sem hafa rétt til að kalla sig félagsráðgjafa samkvæmt leyfi landlæknis samkv. lögum um félagsráðgjöf nr. 95/1990.

2 Framkvæmd röðunar og mats

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Taka skal tillit til faglegrar, stjórnunarlegrar og/eða fjárhagslegrar umsjónar, ábyrgðar, álags og hvaða kröfur starfið gerir til faglegrar/fræðilegrar hæfni/færni starfsmanns.

Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa félagsráðgjafa í launaflokka er á grundvelli:

- Skilgreininga á störfum samkvæmt starfslýsingum.
- Reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í greinum 3 og 4 í samningi þessum.
- Breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Ákvörðun um röðun skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum félagsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Gerð starfslýsinga og ákvörðun um niðurröðun verkefna er í höndum stofnunar. Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum eða starfslýsingum starfsmanna.

3 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

<u>Starf</u>	<u>Skýring</u>	<u>Launafl.</u>
Félagsráðgjafi B;	byrjandi og kominn vel á veg.....	080
Félagsráðgjafi C;	er fær í starfi	090
Félagsráðgjafi D;	er mjög vel fær í starfi.....	100
Félagsráðgjafi E;	sérfræðingur í tiltekinni fræðigrein á fagsviði starfs.....	130
Sérfræðingsstarf;	samkvæmt sérstakri starfslýsingu þar sem gerð er krafa um sérfræðileyfi í viðkomandi fræðigrein á fagsviði starfs	140 - xxx
Verkefnastjóri;	sbr. aðstoðardeildarstjóri skv. skipulagi stofnunar.....	120 - xxx
Yfirfélagsráðgjafi;	stjórnandi með þrjúþætta ábyrgð sbr. deildarstjóri samkvæmt skipulagi stofnunar. Starfið felst fyrst og fremst í stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar, sbr. nánar í starfslýsingu	xxx



Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfaflokkun þessari er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum.

Ef breytingar verða á forsendum sem byggt er á við gerð samnings þessa geta aðilar óskað eftir endurskoðun samningsins. Ef breytingar verða á starfsemi LSH geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega. Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist brostnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum.

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

4 Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

- a. Áfangar að sérfræðiviðurkenningu (sjá fylgiskjal 2); allt að..... **3**
- I. áfangi – 100 fræðslust. og 25 einkahandleiðslutímar (eða 20 einka- +10 hóp-)..... 1
 - II. áfangi – 200 fræðslust. og 60 einkahandleiðslutímar (eða 45 einka- +30 hóp-)..... 2
 - III. áfangi – 300 fræðslust. og 120 einkahandleiðslutímar (eða 100 einka- +40 hóp-) 3
 - Sérfræðileyfi í viðkomandi sérgrein (sjá starfaflokkun og starfslýsingu í sérfræðingsstarfi)
- b. Viðbótarmentun sem nýtist í starfi (sjá fylgiskjal 2); allt að **6**
- Viðbótarnám sl. 5 ár, 30 ECTS einingar 1
 - Viðbótarnám sl. 5 ár, 60 ECTS einingar 2
 - MS/MA eða annað háskólapróf til viðb. við nám félagsráðgjafa sem nýtist í starfi 4
 - Doktorspróf (PhD) 6

Þegar um er að ræða ávinnslu launaprepa vegna áfanga að sérfræðiviðurkenningu eða viðbótarmentunar er félagsráðgjafa heimilt að nýta sér þau ákvæði sem eru honum hagfelldari þegar tvær eða fleiri leiðir koma til greina. Velja þarf á milli leiða í slíkum tilvikum en ekki verður um tvítalningu að ræða, t.d. þegar taldar eru stundir í fræðslu og þjálfun.

Hámarksfjöldi álagsprepa í launatöflu félagsráðgjafa eru átta þrep. Starfsmaður sem hefur áunnið sér hækkun, vegna persónub. þátta o.fl., ofan á grunnlaunatölu launafokks sem er umfram átta álagsprep færist í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

8 Réttur til endurmats á röðun


Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

9 Gildistaka


Samningur þessi gildir frá og með 1. apríl 2017.

Reykjavík, 10. apríl 2017

f.h. Landspítala


Bergþór H. Jónsson

f.h. Félagsráðgjafafélag Íslands


Margrét Ófegsdóttir

Fylgiskjal 1

Starfaflokkun

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. 2. gr. hér að framan.

Nánar um starfaflokkun sbr. 3. gr.

Félagsráðgjafi B: Byrjandi og kominn vel á veg. Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og nemendum.

Félagsráðgjafi C: Er fær í starfi. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Hefur umsjón með starfsstöð/deild utan dagvinnutíma þar sem það á við. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og útdeilir verkefnum. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda.

Félagsráðgjafi D: Er mjög vel fær í starfi. Skipuleggur kennslu nemenda og leiðbeinir starfsfólki og nemum. Er fulltrúi deildar, sviðs eða stofnunar í stjórnun, nefndum og ráðum sem vinna að málefnum skjólstæðinga og sjúkrahússins.

- innleiðir nýjungar á sínu fagsviði,
- er leiðandi í gæðastarfi og ber ábyrgð á faglegri þróun á sínu fagsviði,
- tekur þátt í rannsóknum og er ráðgefandi um klínískra meðferð / faglega úrlausn mála.

Félagsráðgjafi E: Er sérfræðingur í tiltekinni fræðigreini á fagsviði starfs og hefur meistaraþróf. Innleiðir nýjungar, stýrir gæðastarfi og rannsóknarvinnu á einingu í samráði við yfirmann. Stjórnar og skipuleggur starfsemi/þjónustu/meðferð í samræmi við sýn og stefnu Landspítala. Metur árangur í starfsemi. Er ráðgefandi varðandi sérhæfða meðferð. Skipuleggur kennslu á sérsviði sínu. Ber ábyrgð á þróun fagsins/ þjónustunnar/ meðferðarinnar sem veitt er á deild, sviði eða stofnun í samráði við yfirfélagsráðgjafa. Er leiðandi í gagnreyndum starfsháttum og innleiðir nýjungar í meðferð/þjónustu/fagi.

Sérfræðingsstarf: Starf samkvæmt sérstakri starfslýsingu þar sem gerð er krafa um sérfræðileyfi í viðkomandi fræðigreini á fagsviði starfs. Viðkomandi starfsmaður hefur meistara- eða doktorsnám að baki og skal hafa leyfi ráðuneytis til að kalla sig sérfræðingur í viðkomandi fræðigreini. Nánari skilgreiningu starfs er að finna í starfslýsingu.

Verkefnastjóri: Starf samkvæmt sérstakri starfslýsingu. Sbr. aðstoðardeildarstjóri skv. skipulagi stofnunar, staðgengill yfirmanns að staðaldri.

Yfirfélagsráðgjafi: Stjórnandi með þrjúþætta ábyrgð sbr. deildarstjóri samkvæmt skipulagi Landspítala. Starfið felst fyrst og fremst í stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar, sbr. nánar í starfslýsingu stofnunar.

Fylgiskjal 2

Vinnureglur samstarfsnefndar varðandi mat á áföngum að sérfræðiviðurkenningu og sí- og endurmenntun

Áfangar að sérfræðiviðurkenningu

Við ákvörðun um launaumbun fyrir áfanga að sérfræðiviðurkenningu er tekið mið af starfstíma í starfi sem félagsráðgjafi, sbr. nánari tilgreiningu starfstíma hér á eftir. Krafa um starfstíma lengist ef um hlutastarf er hefur verið að ræða en starfshlutfall skal hins vegar ekki hafa verið undir 50% á viðmiðunartímanum.

- **Fyrsti áfangi**
Starfstími:1,5 ár miðað við 100% starf
Námskeiðstímar:100 fræðslustundir
Handleiðslutímar:25 einkahandleiðslutímar (eða 20 einkahandleiðslutímar + 10 hóphandleiðslutímar)
Álagsþrep:1
- **Annar áfangi**
Starfstími:3 ár miðað við 100% starf
Námskeiðstímar:200 fræðslustundir
Handleiðslutímar:60 einkahandleiðslutímar (eða 45 einkahandleiðslutímar + 30 hóphandleiðslutímar)
Álagsþrep:1 (fyrsti + annar áfangi; 2 þrep)
- **Þriðji áfangi**
Starfstími:4,5 ár miðað við 100% starf
Námskeiðstímar:300 fræðslustundir
Handleiðslutímar:120 einkahandleiðslutímar (eða 100 einkahandleiðslutímar + 40 hóphandleiðslutímar)
Álagsþrep:1 (fyrsti + annar + þriðji áfangi; 3 þrep)

Viðbótarnám/-menntun – hámark 6 þrep

- **Viðbótarmenntun / Diplomapróf¹** - Starfsmaður sem hefur aflað sér viðbótarmenntunar sem er umfram grunnkröfur starfs og nýtist í viðkomandi starfi, innan síðustu fimm ára, sem nemur 30 ECTS einingum eða 180 kennslustundum, hækkar um eitt þrep. Starfsmaður sem hefur aflað viðbótarmenntunar innan síðustu fimm ára sem nemur 60 ECTS einingum eða 360 kennslustundum, hækkar um eitt þrep til viðbótar. Hámarkshækkun vegna viðbótarmenntunar eru tvö þrep. Viðkomandi nám þarf að nýtast í starfi.
- **Meistarapróf** – Starfsmaður með meistarapróf umfram grunnkröfu starfs eða annað meistarapróf til viðbótar við grunnkröfu starfs, hækki sem nemur fjórum þrepum ef námið nýtist í starfi. Launahækkun vegna viðbótarmenntunar kemur ekki til viðbótar við launahækkun vegna meistaraprófs. Hafi starfsmaður verið búinn að ávinna sér hækkun vegna viðbótarnáms þá hækkar hann um tvö til þrjú þrep. Hámarkshækkun við mat á meistaraprófi er fjögur þrep.
- **Doktorspróf** - Starfsmaður með doktorspróf í sínu fagi hækkar sem nemur sex þrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Meistarapróf og viðbótarmenntun telst innifalið í doktorsprófi. Hækkun vegna meistaraprófs o.fl. kemur því ekki til viðbótar við þá hækkun vegna doktorsprófs er að framan greinir. Hafi starfsmaður verið búinn að fá hækkun vegna meistaraprófs hækkar hann um tvö þrep við það að ljúka doktorsprófi. Hámarkshækkun við mat á doktorsprófi er sex þrep.

¹ Lágmarks kennslustundafjöldi sem metinn er eru 4 stundir eða 0,66 ECTS einingar.

Framkvæmd/gögn

Þegar sótt er um mat á viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi til yfirmanns.

- a. Starfsmaður skráir í Oracle-sjálfsafgreiðslu starfsmanns upplýsingar um námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi, dagsetningar o.fl.
- b. Ljósrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi skal senda til yfirmanns.
- c. Yfirmaður tekur afstöðu til þess hvort námskeið/menntun nýtist í starfi.
- d. Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- e. Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga er metið af yfirmanni.
- f. Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf hvað er skylda, hvað framhaldseiningar og hvað nýtist í starfinu.

Bókun 1

Fyrirvari

Þann 14. ágúst 2015 kvað gerðardómur upp úrskurð í kjaradeilu 18 aðildarfélaga BHM annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar. Í 2. gr. úrskurðarorða gerðardóms um launahækkunar er kveðið á um hvernig laun skv. grein 1.1.1 í kjarasamningi skuli hækka á þeim framlengda gildistíma kjarasamnings sem gerðardómur ákvað. Þar kemur m.a. fram að þann 1. júní 2016 fari 1,65% „Til útfærslu menntunarákvæða, sbr. 5. gr. þessa úrskurðar, eftir því sem þörf krefur og eftir atvikum annarra þátta í stofnanasamningum.“

Í 5. gr. úrskurðarins, sem varðar greinar 11.3.3.1 og 11.3.3.2 í kjarasamningi aðila er að finna eftirfarandi útlitun á því með hvaða hætti meta skuli menntun í stofnanasamningum.

Grein 11.3.3.1.: „Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (BA/BS) í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk sem hér segir:

Starf sem gerir kröfu um 60 einingar (ECTS) viðbótarnám raðast að lágmarki einum launaflokki hærra en starf þar sem einungis er krafist grunnmenntunar og sé gerð krafa um meistaragráðu skal slíkt starf raðast að lágmarki 2 launalokkum hærra sbr. upptalningu hér að neðan:

Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar = 1 launalokkur).

Meistaragráða (90-120 einingar) = 2 launaflokkar.

Doktors- eða sambærileg gráða (180 einingar) = 3 launaflokkar.“

Grein 11.3.3.2: „...Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi. Miðað skal við að diplóma (60 einingar) leiði til hækkunar um 2 álagsþrep, meistaragráða leiði til hækkunar um 4 álagsþrep og doktors- eða sambærileg gráða með 6 álagsþrepum. Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.“

Aðilar gerðardóms, þ.e. fjármála- og efnahagsráðuneytið annars vegar og BHM og aðildarfélög þess hins vegar, eru ekki sammála um túlkun á ákvæðum gerðardóms um mat á menntun.

Þann 29. apríl 2016 sendi fjármála- og efnahagsráðuneytið leiðbeiningar til stofnana um útfærslu menntunarákvæðis úrskurðar gerðardóms. BHM sendi ráðuneytinu, ráðherra og forstöðumönnum stofnana athugasemdir sínar þann 18. maí 2016 þar sem áréttað var að aðilar væru ósammála um túlkun þessa mikilvæga ákvæðis. Ágreiningur varðandi túlkun ákvæðisins er óleystur. Óljóst er hvenær niðurstaða fæst í ágreining aðila og þá hver hún verður.

Félagsráðgjafafélag Íslands samþykkir stofnanasamning þennan með þeim fyrirvara að fái niðurstaða í túlkun á ákvæðum gerðardóms eigi sér stað afturvirk leiðrétting í samræmi við þá niðurstöðu.